

Á dúnúlpú í Afríku

Fornfræg borg með þröngum götum og framandi kryddlykt í lofti var fyrsti áfangastaður Dagnýjar Indriðadóttur þegar hún lagði upp í spennandi ferð um Atlasfjöllin í Marokkó. Leiðin lá um dali og hlíðar Siroua-fjalla þar sem nútíminn virtist vera víðs fjarri á ævafornum þjóðleiðum heimamanna.

Ég vissi nánast ekki neitt um Marokkó þegar ég rak augun í spennandi gönguferð með Íslenskum fjallaleiðsögumönnum um Sirova-fjöll. Af ferðalýsingu að dæma virtist um algera lúxusferð að ræða þar sem fyrir öllu yrði séð, nema e.t.v. persónulegum búnaði eins og svefnpoka og sólvörn. Ekki þyrfti heldur að hafa áhyggjur af íþyngjandi byrðum því farangur skyldi trússaður á múlösum.

Þetta var allt of gott tækifæri til að láta það lönd og leið enda ekki örgrannt um að skammdegisdrunginn væri farinn að segja til sín þar sem langt var liðið á október. Ég varð mér úti um ferðahandbók um Marokkó og gluggaði í hana þegar færi gafst. Þar voru reyndar litlar upplýsingar um svæðið sem förinni var heitið til. Það sem vakti þó sérstaka athygli mína var mynd af skíðafólki og sú staðreynd að hægt er að stunda skíðaíþróttina í Atlasfjöllum Afríku frá nóvember fram í mars!

Leyndardómar Marrakesh

Atlasfjöllin, líkt og Alþafjöllin, eru gríðarlegur fellingafjallgarður sem aðskilur Sahara-eyðimörkina í suðri og austri frá frjósamari lendum við strendur Atlantshafs og Miðjarðarhafs. Hæstu tindar ná rúmlega fjögur þúsund metra hæð þar sem Toubkal, hæsta fjall Norður-Afríku, teygir sig upp í 4.160 metra hæð. Í ljósi þessa ákvað ég að hafa með mér dúnúlpú til hitabeltisins, en sú ákvörðun kom ýmsum hér heima spáskt fyrir sjónir. Notalegur sumarihitinn sem tók á móti okkur á flugvellinum í Marrakech var óneitanlega viðmótsþýðari en snjóþylurinn og skafrenningurinn sem kvaddi okkur svo hressilega í Keflavík í lok nóvember. Tími dúnúlpunar var ekki kominn.

Á flugvellinum í Marrakesh bauð Múhameð – leiðsögumaður okkar næstu vikuna – hópinn velkominn og fylgdi okkur á gott hótél í hjarta þessarar fornfrægu borgar, sem undirvitundin tengdi einna helst löngum rykugum úlfaldalestum og fjörlegum vöruskiptum, áður en haldið yrði út í eyðimörkina. Múhameð stíklaði á stóru í skipulagi ferðarinnar en lét okkur að því búna fá kort af borginni áður en hann lét sig hverfa. Sjálf gætum við uppgötvað helstu leyndardóma borgarinnar þennan sunnudagseftirmiðdag sem við áttum frjálstan.

Við röltum frá hótelinu að aðalorginu, sem stendur skammt frá Koutoubia, stórrí mosku sem rís hátt og er ákjósanlegur vegvisir. Þessi gamli borgarlúti er á mörkum nútímans og hins gamla. Á torginu mátti fylgjast með listamönnum spila, syngja og segja sögur og ekki skorti áhorfendur sem stóðu þétt í kring. Út frá torginu hríslast svo þröngar götur – vöndarhús Medinnar. Þarna hefði hæglega mátt þvælast um lengi lengi til að skoða sig um og versla því hvarvetna gat að



Ljósmynd/Dagný Indriðadóttir

Náttúruferð Útsýnið yfir Anti-Atlasfjallgarðinn og eyðimörkina er tilkomumikið.

líta framandi hluti; fatnað, keramik, krydd o.fl. Eftir sólsetur ídaði torgið af litríkum sölumönnum sem buðu mat og drykk sem kannski var einmitt þessa dagana með betra móti því Ramadan, föstumánuður múslima, stóð yfir. Við áttum bággt með okkur en héldum að okkur höndum og létum nægja að sinni að virða fyrir okkur litskrúðugt og framandi mannlífið af svölum veitingastaðar með bolla af disætu myntutei.

Hugsað til ævintýra Tinna

Krabbinn með gyllu klærnar og önnur ævintýri Tinna komu upp í hugann. Kannski voru Skaptarnir einhvers staðar á næsta leiti! Kuffklætt fólk gekk og hjólaði framhjá, leigubílar flautuðu á hestvagna eða aðra leigubíla. Reykurinn af réttunum sem í boði voru í matarstöllunum á torginu sveif yfir og keimur af framandi kryddi kilaði nasirnar. Þetta var allt öðru vísi en allt sem við áttum að venjast. Næstu daga á göngunni ákváðum við að nota til að æfa okkur í listinni að prúttu svo við yrðum betur undirbúin fyrir markaðssóknina, þ.e. verslunarleiðangurinn sem fyrirhugaður var í lok ferðar.

Seint um kvöldið komumst við aftur á þægilegt hótelið þar sem aðbúnaður allur var líkari því sem við áttum að venjast. Þá var ekki laust við að smáfiðringur fyrir áframhaldandi ferðalagi gerði vart við sig.

Við vorum rétt að ljúka við morgunverðinn þegar Múhameð birtist og því ekki seinna væna að drífa sig upp og ná í þjónkurnar svo ferðin gæti hafist. Við ókum út úr borginni og stefndum til suðausturs. Vegurinn lá um flatlendi með ólífuakra á báða bóga. Langt í fjarska kúruð fjöllin, upphafin í hitanum og eins undarlega og það hljómar vottaði fyrir snjó í efstu hlíðum. Mér varð hugsað til dúnúlpunnar minnar. Ekki leið á löngu áður en vegurinn fór að þræða hæðir og dali og við mændum út um gluggana á landslag sem var gjörólíkt öllu sem maður hafði áður séð. Hlíðar fjallanna birtust okkur út um hliðarrúður bílsins eins og skjámyndir í ótal litbrigðum; brúnar, rauðar, fjólubláar, gráar og nánast hvítar þegar nær kom reyndust goppum! Þegar nær kom reyndust goppum doppurnar einhvers konar þyrnkingslegur gróður sem erfið var að henda reiður á enda frekar lífvana að sjá í þurrkinum. Hvergi var vatn að sjá en í giljum og dölum liðuðust uppþornaðir árfarvegir svo maður gat ímyndað sér hvernig allt líti út ef það bara rignði aðeins. Eftir því sem ofar dró urðu grænu doppurnar minni og strjálí, eins konar þyrnibúfur sem minntu helst á broddgelti.



Einar Torfi Finnson

Glaðbeitt á tindinum Siroua-tindurinn í Anti-Atlasfjöllum er 3.200 m.y.s.



Dagný Indriðadóttir

Hádegisverður Grænmetisréttir, salat og disætt myntutei.

Heill dagur fór í gönguna á tind Siroua enda nauðsynlegt að stoppa reglulega og bergja á mögnuðu útsýninu sem bara batnaði eftir því sem ofar dró og loftið þynntist.

Lúxusmúlasnar

Í útjaðri lítills fjallaþorps stigum við út úr bílnum og hófumst handa við að stafla farangrinum á múlasna sem gerðu gönguferðina að algjörum lúxus. Það var gott að komast úr bílnum, teygja skankana og hefja gönguna. Landslagið var þyrnkingslegt en hitinn alveg bærilegur til göngu þar sem langt var liðið á daginn.

Við héldum eftir óljósum fjárgötum sem fyrst í stað var erfið að greina í landinu, enda langt frá því að vera jafn greinilegar og íslensku kindagötturnar sem jafnan eru djúpt skornar í svörðinn. Eftir um það bil tveggja til þriggja stunda gang í þessari þurru víðáttu komum við að vatnsbóli, örtililli vin með pálmatré í

skjólí mikilfenglegra móbergsmýndana.

Kokkurinn kom á óvart

Á meðan leiðsögumaðurinn, kokkurinn og múlasnahirðarnir reistu eldhús og matartjöld völdum við okkur tjaldstað og bjuggum um okkur fyrir hitinn alveg bærilegur til göngu þar sem langt var liðið á daginn. Við héldum eftir óljósum fjárgötum sem fyrst í stað var erfið að greina í landinu, enda langt frá því að vera jafn greinilegar og íslensku kindagötturnar sem jafnan eru djúpt skornar í svörðinn. Eftir um það bil tveggja til þriggja stunda gang í þessari þurru víðáttu komum við að vatnsbóli, örtililli vin með pálmatré í skjólí mikilfenglegra móbergsmýndana.

á boðstólum. Við vorum leidd í allan sannleika um innlenda matargerð og mismunandi réttir í boði hvern dag.

Múhameð snæddi alltaf með okkur kvöldmatinn og sat svo hjá okkur fram á kvöldið yfir bolla af myntutei og sagði okkur sögur af landinu, íbúnum og menningu þeirra, auk þess að fara yfir hvað næsti dagur bæri í skauti sér.

Gamli og nýi tíminn mætast

Næstu daga lá leið okkar um dali og hlíðar fjallanna og alls staðar var sami þurrkurinn. Við gengum um þorp sem héngu í bröttum fjallshlíðum, um saffranakra og möndlu-trjálundi. Þar sem leið okkar lá hæst gengum við fram á nokkur yfirgefins sel og einstaka geita- og kindahirði sem enn héldu þar til með hjarðir sínar. Nútíminn, eins og við eigum að venjast honum, virtist vera víðs fjarri. Á þessum slóðum eru fjárgötur ennþá helstu samgöngusæðarnar og þar sem svo háttar til eru hellar nýttir til fjárgeymslu.

Húsin, hvort sem er í þorpum eða seljum, eru öll hlaðin úr tilhöggnu grjóti sem enginn höruggur er á og það eina sem brýtur upp einsleitni grjótins eru glæðlega málaðar dýrnar sem jafnan heilsa manni á einni hlið þeirra. Konur sintu þvottum í þorpslækjum og víða mátti sjá þvottinn breiddan til þerris á húsveggi og grjótgarða. Hugarinn hvarflaði ósjálfrátt heim til Íslands, heim í torfbæina og til lífskjara sem formæður okkar og -feður bjuggu við.

En nútíminn hafði augljóslega hafið innreið sína. Stórir gervihnattadiskar stóðu glansandi hvítir upp úr fjölmörgum húsbökum og drógu snarlega úr þessum fortíðarfling. Rétt eins og börnin sem öll virtust á leið í eða úr skólanum, sjónvarps-tæki hjá saffran- og teppasölu-manninum og leðurjakkinn sem geitahirðirinn var í undir kufli sínum. Það vantaði bara að hann tæki upp gamsann sinn ... kannski var hann með hann í vasanum. Hví ekki?

Hápunktur ferðarinnar

Fyrir mig var hápunktur ferðarinnar ganga á Siroua-tind (3.200 m.y.s.) í Anti-Atlasfjöllum. Við gengum upp í u.þ.b. 2.600 metra hæð og dvöldumst í seli einu um nóttina. Til að aðlagast loftslaginu var gengið á riflega 2.900 metra háan tind í nágrenninu. Heill dagur fór í gönguna á tind Siroua enda nauðsynlegt að stoppa reglulega og bergja á mögnuðu útsýninu sem bara batnaði eftir því sem ofar dró og loftið þynntist. Næst mátti gat að líta kunnuglegar jarðmyndanir, bergganga og skriður og í fjarska blöstu Atlasfjöllin við snævi krýnd. Við gengum reyndar upp fyrir snjólinu og þar sem við tókum daginn snemma hafði sólin ekki náð að bræða snjóinn svo hann tók okkur í ökkla. Á niðurleiðinni heim í sel lendum við svo í marokkóskri snjókomu sem var með öllu ólík þessari íslensku, einhvern veginn miklu léttari og þurrari, svosem alveg í takt við allan þurrkinn í umhverfinu.

Um kvöldið þegar sólin var sest kólnaði hratt. Það kom þó ekki að sök þar sem ég sat úti á steini með bolla af disætu myntutei í dúnúlpunni góðu og naut einstakrar sýningar á himnafestingunni. Daginn eftir var snjóinn á bak og burt og við á leiðinni niður úr fjöllumun. Hitinn hækkaði nú jafnhvort og við lækkuðum okkur og eftir hádegis var nánast orðið óbærilegt á göngu og við því ansi fegin að vera laus við byrðarnar af bakinu. Því neðar sem dró færðumst við nær nútímanum og síðasta spólinn gengum við í nokkra stund eftir bílvegi áður en við mættum bílnum sem flutti okkur aftur í borgarysinn í Marrakech. Þangað komumst við í tæka tíð fyrir markaðinn og héldum beinustu leið í verslunarleiðangur enda ekki hægt að fara alla þessa leið án þess að prúttu. Og núna, þegar marokkóska myntuteið mitt er allt uppuríð, er ekki laust við að mig sé farið að langa aftur á þessar slóðir.

Höfundur er leiðsögumaður.